

# **Glitnir banki hf.**

**Ársreikningur  
samstæðunnar 2006  
ISK**

Glitnir banki hf.  
Kirkjusandur  
155 Reykjavík

Kt. 550500-3530

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	3	Eiginfjáryfirlit .....	7
Áritun endurskoðenda .....	4	Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9
Efnahagsreikningur .....	6		

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

---

Hagnaður af rekstri Glitnis banka hf. fyrir árið 2006 nam 38.231 millj. kr. sem samsvarar 39,4% arðsemi eigin fjár. Stjórn bankans leggur til við hluthafafund að greiddur verði arður að fjárhæð 0,66 krónur á hlut eða alls 9.415 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningi varðandi aðra ráðstöfun hagnaðar. Eigið fé samstæðunnar nam 146.119 millj. kr. í árslok og eiginfjárlutfall samkvæmt reglum um eigið fé fjármálastofnana (CAD hlutfall) var 15,0%. Samkvæmt lögum er lágmarkshlutfallið 8,0%

Heildareignir samstæðunnar námu 2.246.339 millj. kr. í árslok 2006 og eignir í stýringu voru 490.321 millj. kr. á sama tíma.

Heildarfjöldi útistandandi hluta var 14.161 millj. í árslok 2006 en hlutfé var aukið um 1.130 millj. á árinu. Í janúar 2006 voru seldar 1.000 milljónir nýrra hluta á genginu 18,6. Hluthöfum var gefinn kostur á að fá allt að helming arðs vegna ársins 2005 í formi hlutabréfa í bankanum og leiddi það til útgáfu 130 millj. hluta sem gefnir voru út á genginu 18,6.

Í mars 2006 var nafni bankans breytt úr Íslandsbanka hf. í Glitni banka hf. og samtímis var ráðist í breytingar á ásýnd bankans. Dótturfélög bankans og erlendar starfsstöðvar starfa einnig undir nafni Glitnis í kjölfar breytingarinnar.

Undir lok ársins 2005 keypti bankinn alla hluti í norska verðbréfafyrirtækinu Norse Securities. Viðmiðunardagur kaupanna var 1. janúar 2006 og er Norse (nú Glitnir Securities) hluti af samstæðu bankans frá þeim degi.

Á fyrsta ársfjórðungi 2006 keypti bankinn 50,1% hlut í norska verðbréfafyrirtækinu Union Group. Union er hluti af samstæðunni frá 1. janúar

Í lok mars jók bankinn hlut sinn í Kreditkorti hf. í 55%. Í byrjun júlíí barst samþykki samkeppnisyfirvalda fyrir kaupunum og er félagið hluti af samstæðunni frá 1. júlí 2006.

Í maí 2006 keypti bankinn alla hluti í sænska verðbréfafyrirtækinu Fischer Partners Fondkommission (nú Glitnir AB). Kaupin voru endanlega frágengin þann 4. júlí og er félagið hluti af samstæðu frá 1. júlí 2006.

Þann 31. desember 2006 voru hluthafar í bankanum 11.323 talsins samanborið við 10.252 í ársbyrjun. Tveir hluthafar áttu meira en 10% af heildarhlutfé bankans en þeir voru FL Group hf. og tengdir aðilar sem áttu 30,4% og Milestone ehf. og tengdir aðilar sem áttu 20,8%.

Stjórn og forstjóri Glitnis banka hf. staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík 29. janúar 2007.

## Stjórn:

Einar Sveinsson  
Jón Sigurðsson  
Jón Snorrason  
Skarphéðinn Berg Steinarsson  
Anna Sigurðardóttir  
Guðmundur Ásgeirsson  
Katrín Pétursdóttir

## Forstjóri:

Bjarni Ármannsson

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og hluthafa Glitnis banka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Glitnir banka hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. janúar 2007.

## PricewaterhouseCoopers hf.

Sigurður B. Arnþórsson

Kristinn F. Kristinsson

## Rekstrarreikningur 2006

	Skýr.	2006	2005
Vaxtatekjur .....		119.115	61.526
Vaxtagjöld .....	(	82.031)	( 39.175)
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>39</b>	<b>37.084</b>	<b>22.351</b>
Hreinar þóknatekjur .....	40	26.459	8.773
Hagnaður af veltufjáreignum .....	41	5.999	3.993
Hagnaður af öðrum fjáreignum tilgreindum á gangvirði gegnum rekstur .....	42	2.097	491
Hagnaður af fjáreignum til sölu .....		0	181
Gangvirðisleiðréttingar í áhættuvarnarreikningsskilum .....	9 (	185)	( 59)
Gengismunur .....	4	581	( 179)
Hrein iðgjöld af váttryggingastarfsemi .....		0	229
Arðstekjur .....		11	0
Aðrar rekstrartekjur .....		555	631
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<b>72.601</b>	<b>36.411</b>
Rekstrarkostnaður .....	43-47 (	27.301)	( 15.731)
Virðisrýrnun .....	28,48 (	4.759)	( 2.205)
Hlutdeildartekjur .....	3,61	1.470	1.262
Hagnaður af eignum í sölumeðferð .....	49	4.244	3.323
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		<b>46.255</b>	<b>23.060</b>
Tekjuskattur .....	29,50 (	8.024)	( 4.174)
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>38.231</b>	<b>18.886</b>
<b>Hagnaður ársins skiptist þannig:</b>			
Hagnaður hluthafa móðurfélags .....		37.360	18.886
Hlutdeild minnihluta í hagnaði .....		871	0
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>31</b>	<b>38.231</b>	<b>18.886</b>
Hagnaðarhlutur .....	51	2,68	1,47
Þynntur hagnaðarhlutur .....	51	2,66	1,47

## Efnahagsreikningur 2006

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Eignir</b>			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....	26,52	20.417	20.861
Útlán og kröfur .....	37,53-56	1.760.368	1.174.428
Veltufjáreignir .....	11,34,57	227.251	151.897
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning .....	12,58	200.864	96.438
Fjáreignir til sölu .....	13,59	3.746	3.611
Afleiður til áhættuvarna .....	8,9,33	5.721	2.352
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....	3,60,61	4.379	8.081
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	15,64	3.296	1.987
Ófnislegar eignir .....	16,65	18.310	10.824
Skattinneign .....	73-75	264	268
Eignir í sölumeðferð .....	17	409	551
Aðrar eignir .....		1.314	647
<b>Samtals eignir</b>		<b>2.246.339</b>	<b>1.471.945</b>
<b>Skuldir</b>			
Innlán fjármálastofnana og seðlabanka .....	66	78.576	30.656
Önnur innlán .....	67,68	438.272	304.136
Lántaka .....	69	1.377.787	937.794
Víkjandi lán .....	70	108.998	47.464
Veltufjárskuldir .....	21,71	51.729	28.791
Afleiður til áhættuvarna .....	8,9,33	13.869	7.233
Eftirlaunaskuldbindingar .....	72	529	418
Tekjuskattsskuldir .....	73-75	10.647	5.086
Aðrar skuldir .....	76	19.813	25.830
<b>Samtals skuldir</b>		<b>2.100.220</b>	<b>1.387.408</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	25,77,84	14.161	13.112
Yfirverðsreikningur .....		51.847	32.888
Aðrir varasjóðir .....	78	7.504 (	465)
Óráðstafað eigið fé .....		71.066	39.002
<b>Eigið fé hluthafa móðurfélagsins</b>		<b>144.578</b>	<b>84.537</b>
Hlutdeild minnihluta .....		1.541	0
<b>Samtals eigið fé</b>	79	<b>146.119</b>	<b>84.537</b>
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>		<b>2.246.339</b>	<b>1.471.945</b>

# Eiginfjáryfirlit 2006

	Hlutfé	Yfirverð hlutfjár	Aðrir varasjóðir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samals
Eigið fé 1.1.2005 .....	11.081	12.676	287	24.430	48.474		48.474
Þýðingarmunur .....		( 1.357)		( 1.357)		( 1.357)	
Hagnaður af vörn á móti erlendum fjárfestingum ...		915		915			915
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu .....		( 18)		( 18)		( 18)	
Tekjuskattur af eiginfjárliðum .....		( 195)		( 195)		( 195)	
Hreinar tekjur færðar beint á eigið fé .....	0	0	( 655)	0	( 655)		( 655)
Hagnaður ársins .....				18.886	18.886		18.886
Heildarafkoma ársins .....	0	0	( 655)	18.886	18.231	0	18.231
Greiddur arður .....				( 4.525)	( 4.525)		( 4.525)
Útgefið nýtt hlutfé .....	1.935	18.669			20.604		20.604
Kaup og sala eigin hlutabréfa .....	96	1.543			1.639		1.639
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			52		52		52
Endurmat eignaliða í hlutdeildarfélögum .....				62	62		62
Millifært vegna sölu dótturfélags .....			( 149)	149	0		0
<b>Eigið fé 31.12.2005</b> .....	<b>13.112</b>	<b>32.888</b>	<b>( 465)</b>	<b>39.002</b>	<b>84.537</b>	<b>0</b>	<b>84.537</b>
Þýðingarmunur .....			10.958		10.958	( 6)	10.952
Tap af vörn á móti erlendum fjárfestingum .....			( 4.462)		( 4.462)		( 4.462)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu .....			70		70		70
Tekjuskattur vegna eiginfjárliða .....			791		791		791
Hreinar tekjur færðar á eigið fé .....	0	0	7.357	0	7.357	( 6)	7.351
Hagnaður ársins .....				37.360	37.360	871	38.231
Heildarafkoma ársins .....	0	0	7.357	37.360	44.717	865	45.582
Greiddur arður .....				( 5.296)	( 5.296)		( 5.296)
Útgefið nýtt hlutfé .....	1.130	19.752			20.882		20.882
Breyting á minnihluta .....						676	676
Kaup og sala eigin hlutabréfa .....	( 81)	( 793)			( 874)		( 874)
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			612		612		612
<b>Eigið fé 31.12.2006</b> .....	<b>14.161</b>	<b>51.847</b>	<b>7.504</b>	<b>71.066</b>	<b>144.578</b>	<b>1.541</b>	<b>146.119</b>

## Sjóðstreymisýfirlit 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....		38.231	18.886
<b>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:</b>			
Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hafa áhrif á handbært fé .....		29.423	( 12.691)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Bundnar innstæður í Seðlabanka .....	(	1.238)	( 919)
Lán og kröfur.....	(	188.917)	( 287.471)
Veltufjáreignir.....	(	35.094)	( 50.256)
Aðrar fjáreignir á gangvirði.....		9.968	( 81.415)
Innlán.....		101.204	32.210
Lántaka.....		188.080	386.198
Veltufjárskuldir.....		22.937	13.899
Afleiður vegna áhættuvarna .....		3.266	2.999
Skuldbinding vegna starfsmanna .....		99	( 1.889)
Aðrar rekstrartengdar eignir og skuldir .....	(	20.089)	23.818
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>147.870</b>	<b>43.369</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fastafjármunir til sölu .....		0	414
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....		9.344	2.173
Fjárfestingar í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé .....	(	6.476)	( 15.130)
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(	875)	( 1.042)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>1.993</b>	<b>( 13.585)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Víkjandi lán .....		44.401	20.995
Útgáfa nýrra hlutabréfa .....		20.882	20.604
Keypt og seld eigin bréf .....	(	873)	1.726
Greiddur arður .....	(	5.296)	( 4.525)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>59.114</b>	<b>38.800</b>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		<b>208.977</b>	<b>68.584</b>
<b>Þýðingarmunur handbærs fjár</b>		<b>536</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>		<b>95.135</b>	<b>26.551</b>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>304.648</b>	<b>95.135</b>
<b>Sundurliðun handbærs fjár:</b>			
Sjóður .....	22	1.044	864
Óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	22	14.967	18.369
Ríkisvixlar .....		1.954	414
Innstæður hjá fjármálastofnunum .....	22	32.027	32.063
Lán til fjármálastofnana .....		144.983	43.425
Fjáreignir á gangvirði .....	23	109.673	0
		<b>304.648</b>	<b>95.135</b>

# Skýringar

---

## Almennar upplýsingar

### Almennar upplýsingar

Glitnir banki hf. er skráður með lögheimili á Íslandi. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2006 hefur að geyma samstæðureikning Glitnis banka hf. og dótturfélaga hans, (hér eftir sameiginlega nefnd „bankinn“). Lista yfir dótturfélög Glitnis banka hf. er að finna í skýringu 62.

Ársreikningur bankans er birtur í íslenskum krónum og fjárhæðir eru í milljónum.

Stjórn bankans hefur samþykkt ársreikninginn þann 29. janúar 2007.

### Samantekt um mikilvægar reikningsskilaaðferðir

#### 1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur bankans er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Reikningsskilaaðferðum þeim sem lýst er að neðan hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum og í öllum þeim rekstrarreiningum sem birt eru í samstæðureikningnum.

#### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eftirtaldar eignir og skuldir eru metnar á gangvirði: veltufjáreignir og veltufjárskuldir, fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, fjáreignir til sölu og afleiður vegna áhættuvarna.

Fastafjármunir og eignasamstæður í sölumeðferð eru metin á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, sé það lægra, nema þess sé krafist skv. IFRS 5 að önnur aðferð skuli notuð við verðmatið.

Til að uppfylla kröfur IFRS þurfa stjórnendur bankans beita dómgreind sinni og reikningshaldslegu mati við virðingu ákveðinna fjárhæða sem birtar eru í samstæðureikningnum. Reikningshaldslegt mat og þær forsendur sem það byggir á eru studdar fyrri reynslu og öðrum þáttum sem taldir eru eiga við. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldlegt mat og undirliggjandi forsendur eru endurskoðuð reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á yfirstandandi tímabil þegar matið hefur einungis áhrif á það tímabil. Hins vegar er breytingin færð á yfirstandandi tímabil og síðari tímabil ef hún hefur áhrif á þau tímabil.

Þar sem við á, hafa samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi verið færðar milli liða til samræmis við breytingar á framsetningu á árinu 2006. Þetta breytir ekki hagnaði viðkomandi tímabila.

Þeir liðir, þar sem dómgreindar og mats stjórnenda við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla er helst þörf, eru eftirtaldir:

##### a) Mat á gangvirði

Eins og fram kemur í skýringu 5, ákvarðar bankinn gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem ekki eru skráðar á virkum markaði með því að nota matslíkön. Þessi matslíkön eru könnuð reglulega og endurskoðuð af hæfum starfsmönnum. Öll líkön eru stillt til að tryggja að útkoman endurspegli raunverulegar upplýsingar og sambærileg markaðsverð. Líkönin byggjast á upplýsingum sem eru til á markaði í eins ríku mæli og kostur er, en stjórnendur þurfa að meta aðra þætti, eins og til dæmis útlánaáhættu (bæði eigin og vegna mótaðila), flökt og fylgni.

# Skýringar

## b) Virðisrýmun lána og krafna

Eins og fram kemur í skýringu 28, færir bankinn töp vegna virðisrýrnunar útlána og krafna. Til að meta virðisrýrnunina endurskoðar bankinn útlánasafn sitt tvisvar á ári. Þegar stjórnendur bankans taka ákvörðun um hvort færa eigi virðisrýrnun í rekstrarreikning er horft til þess hvort raunverulegar upplýsingar liggja fyrir sem benda til þess að mælanleg lækkun hafi orðið á væntu framtíðarsjóðstreymi lána og krafna. Slíkar upplýsingar geta verið vísbendingar um minnkandi greiðslugetu lántakenda eða versnandi almennt efnahagsástand.

Matsaðferðir stjórnenda byggja á sögulegri tapsreynslu af lánnum og kröfum sem eru flokkuð saman með tilliti til áhættu og á hlutlægum upplýsingum um virðisrýrnun þegar framtíðarsjóðstreymi er metið. Aðferðafræði og forsendur sem notaðar eru við mat á fjárhæðum og tímasetningu framtíðarsjóðstreymis eru endurskoðaðar reglulega til þess að draga úr mismun á áætluðu og raunverulegu tapi.

## 3. Grundvöllur samstæðureikningsskila

### a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Yferráð eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir meira en helmingi atkvæðaréttar dótturfélags. Við mat á yferráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yferráð nást og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferð er beitt við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð dótturfélags er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, skulda sem stofnað er til eða yfirteknar og útgefna eiginfjárgerninga á viðskiptadegi, auk þess kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og hægt er að aðgreina eru í upphafi metnar á gangvirði, án tillits til hlutdeildar minnihluta. Sú fjárhæð sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum, sérgreindum, hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður beint í rekstrarreikning.

### b) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru að jafnaði til staðar þegar samstæðan ræður milli 20% og 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er.

Fjárfesting í hlutdeildarfélögum er upphaflega færð á kostnaðarverði. Eftir það er bókfærðu verði fjárfestingarinnar breytt miðað við: a) breytingar sem verða á hlutdeild bankans í hreinni eign viðkomandi hlutdeildarfélags; og b) virðisrýmun. Ársreikningur bankans inniheldur hlutdeild í bókfærðum hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrir en hlutdeild í tapi, sem áður hafði ekki verið fært, hefur verið jafnað.

Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélögum er skráð sem eign í sölumeðferð er hlutdeildaraðferð ekki lengur beitt og eignin er færð eftir IFRS 5 - Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi (sjá skýringu 17).

Fjárfesting í hlutdeildarfélögum sem skilgreind er sem sérstakur hluti af fjárfestingarsviði bankans er ekki færð í samræmi við hlutdeildaraðferð heldur sem fjáreign tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning til samræmis við IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat (sjá skýringu 12).

# Skýringar

---

c) *Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum*

Staða milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður eða tap og tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

4. Erlendir gjaldmiðlar

a) *Starfsrækslugjaldmiðlar*

Liðir í reikningsskilunum eru mældir í starfsrækslugjaldmiðli viðkomandi félags.

b) *Þýðing viðskipta í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Efnislegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi dags er gangvirði var ákveðið.

c) *Reikningsskil erlendra rekstrareininga*

Eignir og skuldir erlendra rekstrareininga, þar með talin viðskiptavild og gangvirðisleiðréttingar á samstæðugrunni, eru færðar yfir í íslenskar krónur á árslokagengi. Tekjur og gjöld erlendra rekstrareininga eru þýdd miðað við gengi sem nálgast gengi þess dags þegar viðskipti eiga sér stað. Þýðingarmunur sem myndast við yfirfærslu erlendra rekstrareininga yfir í íslenskar krónur er færður beint á sérstakan eiginfjárreikning, þýðingarmun.

5. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli óskyldra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem að verulegu leyti eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Bankinn sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga.

Þegar um er að ræða flókna fjármálagerninga notar bankinn eigin líkön sem að jafnaði eru þróuð út frá viðurkenndum verðmatslíkönum. Breytur í slíkum líkönum eru ekki ávallt sannreynanlegar á markaði heldur afleiddar eða byggðar á ákveðnum, gefnum forsendum. Niðurstöður sem fást út úr slíkum líkönum eru leiðréttaðar fyrir ýmsum þáttum eins og viðeigandi þykir þar sem verðmatsaðferðir geta ekki endurspeglad alla þá þætti sem markaðsaðilar taka inn í sína útreikninga þegar þeir eiga viðskipti. Leiðréttingar á verðmati eru færðar til að mæta áhættu innbyggðri í líkönum, mismun á kaup- og sölugengi, lausafjáraðhættu og öðrum þáttum. Stjórnendur telja að slíkar aðlaganir séu nauðsynlegar og viðeigandi til að gefa glögga mynd af verðmæti fjármálagerninga á gangvirði í efnahagsreikningi.

Besta vísbending um gangvirði fjármálagerninga í upphafi er kaupverð, nema gangvirði gerningsins sé sannanlega annað og stutt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir bankinn hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

# Skýringar

---

## 6. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna er skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem bankinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda.

Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar bankinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar samstæðan verður aðili að samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding samstæðunnar er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

## 7. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar lagalegur réttur er til jöfnunar og ætlunin er að gera upp fjáreignina og fjárskuldina nettó eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

## 8. Afleiður

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar sem falla undir gildissvið IAS 39 og eiga sér verð sem tekur mið af breytingum á gengi undirliggjandi eigna eða skulda (til dæmis verði hlutabréfa, hrávara, skuldabréfa, vísitalna, gjaldmiðla eða vaxtastigi), og krefjast engrar eða óverulegrar fjárfestingar í upphafi, samanborið við aðra samninga sem hafa svipaða tengingu við breytingar á markaðspáttum og gerðir eru upp á ákveðnum tíma í framtíðinni.

Bankinn notar afleiðusamninga til að hagnast á skammtímaverðbreytingum og til að verjast viðskipta-, gengis- og vaxtaáhættu vegna rekstrar-, fjármögnunar- og fjárfestingarstarfsemi. Afleiður sem eru skilgreindar í virku áhættuvarnarsambandi í samræmi við IAS 39, eru sýndar sem afleiður til áhættuvarna í efnahagsreikningi. Aðrar afleiður eru færðar sem veltufjáreignir eða veltufjárskuldir eftir því hvort gangvirði þeirra er jákvætt (eign) eða neikvætt (skuld), sjá skýringu 34.

Afleiður eru færðar á gangvirði, jafnt þegar þær eru upphaflega færðar í bækur sem á síðari uppgjörsdögum. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning nema þegar um er að ræða afleiður í áhættuvarnarsambandi en þá er færslan eins og lýst er í skýringu 9.

Gangvirðisbreytingum afleiðusamninga er skipt upp í (i) vaxtatekjur og gjöld, (ii) gengismun og (iii) hagnað og tap af veltufjáreignum og veltufjárskuldum. Vaxtatekjur eru færðar á rekstrargrunni. Gangvirðisbreytingum afleiðusamninga sem eru tengdir öðrum fjáreignum á gangvirði er jafnað á móti viðkomandi liðum í rekstrarreikningi.

Innbyggðar afleiður sem eru hluti af öðrum samningum eru meðhöndlaðir sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta eru ekki nátengd upprunalega samningnum sem þeir eru hluti af og sá samningur er ekki færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Slíkir afleiðusamningar eru færðir eins og aðrir sjálfstæðir afleiðusamningar.

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað í samræmi við reikningsskilaaðferð sem er útskýrð í skýringu 5.

# Skýringar

---

## 9. Áhættuvarnarreikningsskil

Vegna stöðu bankans gagnvart áhættu og samsetningu fjármögnunar, krefjast reglur bankans um áhættustjórnun þess að bankinn lágmarki áhættu sína gagnvart gengis- og vaxtabreytingum, útlánaáhættu og markaðsáhættu innan ákveðinna viðmiðana (sjá einnig í sérstökum hluta um áhættustýringu). Bankinn beitir bæði afleiðum og öðrum fjármálagerningum til að stýra mögulegum áhrifum þessara áhættuþátta á hagnað. Nokkrar tegundir afleiða eru notaðar í þessum tilgangi, þar á meðal vaxtaskiptasamningar og gjaldeyrisskipti, valréttir, staðlaðir framvirkir fjármálasamningar og aðrir afleiðusamningar. Markmiðið með áhættuvörnum bankans er að verja hann fyrir áhættu á að hreint innstreymi fjármagns verði fyrir neikvæðum áhrifum af breytingum á vöxtum, gengi, lánsþæfismati eða markaðsverði. Bankinn gerir samninga til að tryggja að hann sé fjárhagslega varinn í samræmi við reglur um áhættustýringu. Bankinn beitir áhættuvarnarreikningsskilum við meðferð gangvirðisbreytinga á skilgreindum fjáreignum og fjárskuldum sem og við færslu á áhættuvörn vegna erlendra dótturfélaga.

Þegar áhættuvarnarreikningsskilum er beitt, metur bankinn, bæði í upphafi og á síðari uppgjörsdögum, hvort áhættuvörnin eyði á virkan hátt verðsveiflum eða sveiflum í sjóðstreymi hins varða liðar. Áhættuvörn er talin virk ef hún eyðir nánast öllum sveiflum í virði hins varða liðar eða sjóðstreymi sem stafar af honum. Í raun er vörnin talin virk ef virknin mælist á bilinu 80 - 125%. Þær breytingar sem falla utan við 100% virkni eru færðar í rekstrarreikning.

### a) Gangvirðisvarnir

Markmið með gangvirðisvörnum er að eyða áhættu af gangvirðisbreytingum bókfærðra eigna og skulda sem færast í rekstrarreikning.

Þegar um er að ræða afleiðusamning sem færður er til varnar gangvirðisbreytingum eigna eða skulda, eða skilgreindum hluta slíkra liða, er hagnaður og tap af slíkum samningum færður í rekstur. Breytingar á gangvirði hinna vörðu liða eru einnig færðar í rekstrarreikning. Hagnaður og tap af áhættuvörnum og hinum vörðu liðum eru færð í rekstrarreikning sem 'Gangvirðisleiðréttingar í áhættuvarnarreikningsskilum'.

### b) Áhættuvörn fjárfestingar í erlendri starfsemi

Markmið með slíkri áhættuvörn er að eyða áhættu af gjaldmiðlabreytingum sem stafa af fjárfestingum í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum.

Gengismunur sem myndast við þýðingu fjárfestingar í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum úr starfsrækslugjaldmiðli viðkomandi félaga yfir í gjaldmiðil samstæðunnar er færður á sérstakan eiginfjárreikning, þýðingarmun. Virkur hluti áhættuvarnarinnar er færður á sama eiginfjárreikning, að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Þessi þýðingarmunur er færður af þýðingarmun yfir í rekstur þegar viðkomandi eignarhlutur er seldur. Sá hluti áhættuvarnarinnar sem fellur utan við 100% virkni er færður í rekstrarreikning.

## 10. Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða skilgreindum gjalddögum sem eru ekki skráðar á virkum markaði, aðrar en þær sem bankinn skilgreindi í upphafi sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstur. Útlán og kröfur innifela lán sem bankinn veitir viðskiptavinum sínum, þátttöku í lánnum frá öðrum lánveitendum, og yfirtekin lán sem eru ekki skráð á virkum markaði og bankinn hefur engar áætlanir um að endurselja strax eða í náninni framtíð.

Útlán eru færð þegar lántakendum eru greiddir út fjármunir tengdir útláninu. Allar fjáreignir eru við upphaflega skráningu færðar á gangvirði auk viðskiptakostnaðar og eru því næst færð á kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðri upphæð útlána og krafna.

# Skýringar

---

## 11. Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru fjáreignir sem hafa verið keyptar með það að markmiði að hagnast á skammtíma verðbreytingum eða af álagi vegna miðlunar.

Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðum með jákvæðu gangvirði sem eru ekki skilgreindar í áhættuvarnarsambandi eða eru ekki virk áhættuvarnartæki.

## 12. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstur

Bankinn flokkar ákveðnar fjáreignir sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði, þar sem gangvirðisbreytingar færast í rekstrarreikning, þegar slík flokkun telst við hæfi vegna þess að:

- flokkunin eyðir eða dregur verulega úr reikningshaldslegu misræmi í mati eða færslu sem gæti myndast við það að meta eignir og skuldir eða hagnað og tap af þeim með mismunandi hætti; eða
- fjáreignum og/eða fjárskuldum er stýrt, og afkoma þeirra metin, á gangvirði í samræmi við áhættustýringar- eða fjárfestingarstefnu bankans og upplýsingar til lykilstjórnenda eru veittar með þessum hætti.

Eignir sem eru flokkaðar samkvæmt ofangreindu samanstanda af:

- fastvaxtalánum sem bankinn hefur veitt og skipt úr föstum vöxtum í fljótandi með vaxtaskiptasamningum; og
- hlutafé og skuldabréf sem bankinn hefur keypt með það fyrir augum að hagnast á og metin eru á, og stýrt miðað við, gangvirði.

Fjáreignir sem eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstur eru sýndar í rekstrarreikningi sem hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur. Vextir eru innifaldir í hreinum vaxtatekjum en arðstekjur með gangvirðisbreytingum. Vaxtatekjur af lánnum eru færðar miðað við virka vexti.

## 13. Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu eru aðallega skuldabréf sem hugsuð eru sem langtímafjárfesting.

Fjáreignir til sölu eru metnar á gangvirði. Óinnleystur hagnaður eða tap, að frádregnum tekjuskattsáhrifum, er fært á eigið fé, þar til viðkomandi eignir eru seldar eða ákveðið er að afskrifa þær. Við sölu er uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært var á eigið fé flutt í rekstrarreikning undir liðnum innleystur hagnaður af fjáreignum til sölu. Söluhagnaður er reiknaður út frá meðalkostnaðarverði.

Vextir og arðstekjur af fjáreignum til sölu eru innifaldir í vaxtatekjum og arðstekjum í rekstrarreikningi. Gengismunur af hlutabréfum er færður á eigið fé en gengishagnaður af skuldabréfum er færður í rekstrarreikning undir liðnum hreinn gjaldeyrismunur.

## 14. Leigusamningar

Flokkun bankans á leigusamningum byggir á því að hversu miklu leyti áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á leigðum eignum eru færð til leigutakans. Leigusamningar eru skilgreindir sem fjármögnunarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu eru efnislega færð frá leigusala til leigutaka. Þar sem svo er ekki, flokkast leigusamningar sem rekstrarleiga.

### a) Fjármögnunarleiga

Kröfur bankans vegna leigusamninga sem eru flokkaðir sem fjármögnunarleiga eru færðar í efnahagsreikningi undir liðnum lán og kröfur. Fjármögnunarleigusamningar eru upphaflega færðir í efnahagsreikning miðað við hreina fjárbindingu í leigusamningum. Leigugreiðslur eru færðar á móti útistandandi heildarleigugreiðslum og koma til lækkunar á bæði höfuðstólum og óhöfnum vaxtatekjum af leigusamningum.

# Skýringar

Bankinn færir fjármögnunarleigutekjur sem vaxtatekjur með þeim hætti að tekjufærslan gefi fasta vexti á einstökum tímabilum innan leigutímans miðað við eftirstöðvar af hreinni fjárbindingu í leigusamningum. Innri vextir fjármögnunarleigusamninga eru skilgreindir með þeim hætti að beinn kostnaður verður hluti af kröfum bankans vegna fjármögnunarleigusamninga og er hann gjaldfærður yfir leigutíma.

b) *Rekstrarleiga*

Leigugreiðslur af rekstrarleigusamningum þar sem bankinn er leigutaki eru gjaldfærðar miðað við línulega aðferð á leigutímanum.

15. Varanlegir rekstrarfjármunir

a) *Eignir í eigu bankans*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartapi í samræmi við kostnaðarlíkan samkvæmt IAS 16.

Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi líkt eins og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

b) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður þegar hann fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Ákvörðun um hvort kostnaði sem fellur til síðar er bætt við bókfært verð eignar byggir á hvort skipt hafi verið um sérgreindan íhlut eða hluta af slíkum íhlut eða hvort eðli þess kostnaðar sem fellur til síðar sé á þann veg að hann sé framlag í nýjan íhlut. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrareikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

c) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar af rekstrarfjármunum eftir að niðurlagsverð hefur verið dregið frá. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreiking. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Byggingar .....	50 ár
Innréttingar.....	6 - 12 ár
Áhöld og tæki.....	4 ár
Bifreiðar.....	3 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega.

16. Óefnislegar eignir

a) *Viðskiptavild*

Sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað eftir 1. janúar 2004 eru færðar samkvæmt kaupaðferðinni. Viðskiptavild er færð við kaup á dótturfélögum og hlutdeildarfélögum.

Hvað varðar sameiningar sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2004 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við sameiningarnar og gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna sem er keyptar eru.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum. Viðskiptavild er úthlutað á fjárskapandi einingar og metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

b) *Aðrar óefnislegar eignir*

Aðrar óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður við viðskiptavild og vörumerki sem myndast innan bankans er gjaldfærður þegar hann fellur til.

# Skýringar

---

c) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður við óefnislegar eignir sem fellur til síðar er einungis eignfærður þegar hann eykur framtíðarávinning af viðkomandi eign.

d) *Afskriftir óefnislegra eigna*

Afskriftir óefnislegra eigna eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi línulega á áætluðum nýtingartíma. Viðskiptavild með óskilgreindan líftíma er metin með kerfisbundnum hætti á hverjum reikningsskiladegi með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar óefnislegar eignir eru afskrifaðar frá þeim degi sem þær eru tilbúnar til notkunar. Óefnislegar, afskrifanlegar eignir bankans eru hugbúnaður með áætlaðan nýtingartíma 4 ár.

## 17. Eignir í sölumeðferð

Þar til eign er flokkuð sem eign eða eignasamstæða í sölumeðferð er viðkomandi eign færð til samræmis við viðeigandi reikningsskilastaðal. Þegar eign er endurflokkuð sem eign í sölumeðferð, er hún annað hvort færð á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvoru sem lægra reynist. Virðisrýrnunartap sem myndast við upphaflega flokkun sem eign í sölumeðferð er fært í rekstrarreikning, jafnvel þótt endurmat hafi áður átt sér stað.

Eignir í sölumeðferð eru fullnustueignir sem eru í sölufarli.

## 18. Endurkaupasamningar

Endurkaupasamningur felur í sér samning um sölu verðbréfa með þeim skilmálum að verðbréfin skuli keypt aftur á fyrirfram ákvæðnum degi og verði. Í kaupsamningum er handbært fé sem fengið er í skiptunum ásamt áföllnum vöxtum fært í efnahagsreikning sem innlán frá fjármálafyrirtækjum og seðlabönkum. Vaxtagjöld eru færð yfir líftíma viðkomandi samnings.

## 19. Lántaka

Lántaka samstæðunnar felst einkum í útgefnum skuldabréfum og lánnum frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frádregnum kostnaði vegna viðskiptanna. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.

## 20. Víkjandi lán

Víkjandi lán eru skuldir bankans í formi lánsfjár með víkjandi ákvæðum en í þeim felst að ef bankinn yrði gerður upp, hvort sem er sjálfviljugur eða tilneyddur, þá yrðu þessar skuldir ekki greiddar fyrr en allar kröfur frá almennum kröfuhöfum hefðu verið gerðar upp. Þegar eiginfjárlutfall bankans er reiknað eru þessi skuldabréf innifalín í A og B hluta eins og sýnt er í skýringu 70. Annars vegar er um að ræða víkjandi lán með engum lokagjalddaga sem bankinn má aðeins endurgreiða með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Þessi lán fall undir eiginfjárlhuta A við útreikning á eiginfjárlhutfallinu. Hins vegar er um að ræða víkjandi lán með mismunandi lokagjalddögum.

Víkjandi lán eru færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem hægt er að tengja við þau þegar þau eru upphaflega færð. Eftir það eru þau færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðri stöðu víkjandi lána.

## 21. Veltufjárskuldir

Veltufjárskuldir samanstanda af afleiðusamningum með neikvætt gangvirði og skortstöðu verðbréfa.

# Skýringar

---

## 22. Eftirlaunaskuldbindingar

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlauna er núvirði skuldbindingarinnar á reikningsskiladegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð árlega af tryggingastærðfræðingi. Núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar er ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi miðað við vaxtastig ríkisskuldabréfa í gjaldmiðli viðkomandi lands. Vextir til að núvirða lífeyrisskuldbindinguna eru 2,0%.

## 23. Valréttarsamningar starfsmanna

Bankinn hefur gert valréttarsamninga við starfsmenn sem gerir þeim kleift að kaupa hluti í félaginu á verði sem svarar til markaðsvirðis hlutanna á þeim degi sem rétturinn er veittur.

Í samræmi við IFRS 2 er gangvirði valréttanna metið á þeim degi sem valréttarnir eru veittir og er það gjaldfært sem laun á þeim tímabilum sem rétturinn ávinnst og samsvarandi hækkun er færð á eigið fé, með tilliti til vænts fjölda hluta sem nýttir verða. Gangvirði valréttanna er metið með því að nota Black-Scholes aðferðina.

## 24. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning þegar lagaleg skylda, sem leiðir af liðnum atburðum, hvílir á bankanum, og líklegt þykir að ústreymi hagrænna gæða þurfi að koma til við uppgjör skuldbindingarinnar. Ef áhrifin eru veruleg, er skuldbinding metin með því að núvirðisreikna áætlað sjóðstreymi miðað við markaðsvexti án tillits til tekjuskattsáhrifa.

## 25. Hlutfé

### a) Eigin hlutabréf

Eigin bréf og eiginfjárgerningar eru dregin frá eigin fé. Enginn hagnaður eða tap er færður í gegnum rekstur við kaup, sölu, útgáfu eða innköllun eigin bréfa. Innborgaðar og útgreiddar fjárhæðir eru færðar beint á eigið fé.

Viðskiptakostnaður vegna eigin bréfa er færður til lækkunar á eigin fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa.

Þegar fjármálagerningur eða hluti hans er skilgreindur í ársreikningnum er tekið tillit til allra skilmála og aðstæðna sem hafa verið samþykktar milli bankans og eiganda fjármálagerningsins. Að því marki sem skuldbinding er til staðar sem flokkast sem skuld, þá er gerningurinn flokkaður sem skuld frekar en eiginfjárgerningur.

### b) Arðgreiðslur

Arður er færður til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem hann er samþykktur af hluthöfum. Arðgreiðsla sem er samþykkt eftir lok reikningsskilatímabils er ekki færð til lækkunar á eigin fé á reikningsskiladegi.

## 26. Handbært fé

Til handbærs fjár í yfirliti um sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í seðlabönkum, ríkisvixlar endurseljanlegir í seðlabönkum, gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir, skammtímalán til lánastofnana og tiltekin skammtímaskuldabréf á fljótandi vöxtum. Til handbærs fjár teljast fjáreignir sem eru með gjalddaga innan þriggja mánaða frá kaupdegi.

# Skýringar

---

## 27. Tekjur og gjöld

### a) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði vaxtaberandi fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað bankinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit væntra útlánatapa. Við útreikninginn er tekið tillit til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

Ef fjáreign eða hópur sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að ákvarðar virðisrýrnun. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

### b) Þjónustutekjur

Bankinn veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna sem hann fær greitt fyrir. Þar á meðal eru tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta, tekjur af eignastýringu auk annarra tekna. Bóknanir vegna þjónustu sem veitt er yfir ákveðið tímabil er dreift eftir því sem þjónustan er veitt. Bóknanir vegna árangurstengdrar þjónustu eru færðar þegar árangri sem krafist er hefur verið náð.

### c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning miðað við þann dag þegar arðgreiðsla er samþykkt.

### d) Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum fela í sér hagnað og tap vegna sölu, innlausnar og breytinga í gangvirði veltufjáreigna og veltufjárskulda sem og arð af veltuhlutabréfum.

### e) Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning fela í sér hagnað og tap vegna sölu og breytinga í gangvirði fjáreigna sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sem og arð af viðkomandi hlutabréfum. Gangvirðisbreytingar afleiða sem eru efnahagslega tengdar fjáreignum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru einnig færðar undir þennan lið í rekstrarreikningi, sjá skýringu 42.

### f) Rekstrargjöld

Til rekstrargjalda teljast laun og launatengd gjöld, afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna og annar kostnaður svo sem húsnæðis-, markaðs- og tölvukostnaður.

## 28. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna, annarra en skattinneignar og fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning er endurskoðað á hverjum reikningssskiladegi til þess að ganga úr skugga um að eignin hafi ekki rýrnað að verðmæti. Ef eitthvað bendir til slíks er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðskapandi einingar er herra en endurheimtanlegt verðmæti hennar.

# Skýringar

---

## a) Virðisrýrnun útlána

Ef eitthvað bendir til virðisrýrnunar útlána er bókfært verð þeirra lækkað gegnum sérstakan afskriftareikning, til núvirts endurheimtanlegs virðis, miðað við upphaflega virka vexti.

Þau atriði sem bankinn lítur til við mat á því hvort virðisrýrnun hafi átt sér stað eru m.a.:

- Vanskil
- Versnandi sjóðstreymi í rekstri lántakanda
- Lántakandi uppfyllir ekki skilyrði í lánasamningi
- Upphaf gjaldþrotaferlis hjá lántakanda
- Versnandi samkeppnisstaða lántakanda
- Rýrnun trygginga fyrir láni
- Versnandi lánshæfismat lántakanda

Ef virðisrýrnun gengur síðar til baka og slíkt má rekja til atburðar eftir að virðisrýrnun var færð, skal virðisrýrnun bakfærð að því marki sem hún er nú ofmetin með því að lækka afskriftareikning. Bakfærslan er færð í rekstrarreikning eins og upphaflega virðisrýrnunin.

Stjórnendur bankans meta fyrst hvort merki um virðisrýrnun eru til staðar fyrir hverja einstaka fjáreign sem telst veruleg ein og sér. Lán og kröfur sem ekki falla í þann flokk eru metin sem hluti af safni sem er metið í heild sinni með tilliti til virðisrýrnunar. Við mat á slíku safni er gengið út frá því að lán í sama safni séu í eðli sínu áþekkt hvað varðar útlánaáhættu. Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun er skoðað hvort líklegt sé að vænt framtíðarsjóðstreymi lánasafnsins hafi orðið fyrir skerðingu og hvort hægt sé að meta rýrnunina án þess þó að eynamerkjja hana ákveðnum lánum.

Vaxtatekjur af lánum sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun eru færðar miðað við þá reiknivexti sem notaðir eru til að afvaxta vænt sjóðstreymi lána við mælingu á virðisrýrnuninni.

## b) Virðisrýrnun viðskiptavildar

Bankinn metur árlega hvort merki séu um að viðskiptavild hafi rýrnað að verðmæti. Söluhagnaður og -tap sem myndast við sölu dótturfélaga inniheldur alla óafskrifaða viðskiptavild sem tengist viðkomandi dótturfélögum.

## c) Virðisrýrnun fjáreigna til sölu

Bankinn ákvarðar að hlutabréf sem færð eru sem fjáreignir til sölu hafi rýrnað að verðmæti ef um varanlega lækkun á verði þeirra niður fyrir kostnaðarverð er að ræða. Mat á því hvað telst varanlegt í þessu sambandi krefst mats. Við slíkt mat tekur bankinn til dæmis flökt á gengi hlutabréfa með í reikninginn. Virðisrýrnun kann að vera til staðar ef merki eru um versnandi fjárhag þess félags sem fjárfest var í, slæmt gengi í viðkomandi atvinnugrein, breytingar á tækniumhverfi eða versnandi sjóðstreymi. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun er bakfærð ef síðari atburðir leiða í ljós að hún er ekki lengur til staðar.

## d) Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð

Endurheimtanleg fjárhæð lána og krafna bankans er reiknuð sem núvirt framtíðarsjóðstreymi. Vextir sem notaðir eru til núvirðingar fastvaxtalána eru innri vextir sem reiknaðir voru við upphaflega færslu lánsins en vextir sem notaðir til afvöxtunar lána á breytilegum vöxtum eru innri vextir á viðkomandi tíma.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hærri fjárhæðin af tveimur: Hreint söluvirði eða nýtingarvirði. Við mat á nýtingarvirði er framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við vaxtaþrósentu fyrir skatta sem endurspeglar þáverandi markaðsaðstæður og tímavirði peninga sem og áhættu sem tengist viðkomandi eign. Ef um eign er að ræða sem ekki gefur af sér sjálfstætt sjóðstreymi skal meta endurheimtanlega fjárhæð fyrir þá sjóðskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

## e) Bakfærsla virðisrýrnunar

# Skýringar

---

Virðisrýmun eignar sem færð er á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef viðsnúningur á virðisrýmuninni tengist atburði sem á sér stað eftir að eignin var færð niður.

Virðisrýmun sem tengist kröfu sem færð er sem fjáreign til sölu er bakfærð gegnum rekstrarreikning. Virðisrýmun hlutabréfa sem færð eru sem fjáreignir til sölu er hins vegar ekki bakfærð gegnum rekstrarreikning.

Virðisrýmun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

Hvað aðrar eignir varðar, er virðisrýmun bakfærð ef breyting verður á mati á endurheimtanlegri fjárhæð.

Virðisrýmun er aðeins bakfærð að því marki sem bókfært verð eignar nær ekki hærri fjárhæð en verið hefði ef engin virðisrýmun hefði verið færð í upphafi (að teknu tilliti til afskrifta).

## 29. Tekjuskattur

Tekjuskattur af hagnaði ársins samanstendur af skatti til greiðslu og frestuðum skatti. Tekjuskattur er bókaður í rekstrarreikning að undanskildum þeim tilfellum þegar hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann bókaður þar líka.

Skattur til greiðslu er sá skattur sem gert er ráð fyrir að greiða þurfi af tekjuskattsskyldri afkomu ársins, miðað við skattprósentur í gildi eða sem búið er að tilkynna um að verði í gildi á lokadagsetningu efnahagsreiknings, og allar breytingar sem gerðar hafa verið á skatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestuð tekjuskattsinneign og tekjuskattsskuldbinding hefur verið reiknuð og bókuð í efnahagsreikning. Útreikningurinn er byggður á mismun á efnahagsliðum samkvæmt reikningsskilum annars vegar og skattskilum hins vegar, að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunurinn stafar af því að skattskil eru gerð eftir öðrum reglum en reikningsskil. Einkum er um að ræða að tekjur, sérstaklega af fjáreignum, eru bókaðar fyrr í reikningsskilum en í skattalegu uppgjöri. Skattinneign er aðeins jafnað á móti skattskuldum í þeim tilvikum sem um er að ræða skattfyrivöld sama lands og lagaleg heimild til jöfnunar er fyrir hendi.

Skattinneign er aðeins bókuð að því marki sem líklegt er að skattskyldur hagnaður í framtíðinni verði það mikill að yfirfæranlegt tap nýtist. Frestaðar skattinneignir eru lækkaðar ef dregur úr líkum á að yfirfæranlegt tap nýtist.

# Skýringar

## Breytingar á samstæðunni

30. Bankinn yfirtók fimm félög á árinu 2006. Áhrif á samstæðureikning bankans eru sýnd í neðangreindri töflu. Greitt var fyrir hlutina með handbæru fé.

Eignir	Glitnir	Glitnir	Union	Glitnir AB	Kredit- kort hf.	Alls
	Securities	Kapital- forvaltning	Group			
Handbært fé og kröfur á seðlabanka .....	1		1.210		2	1.213
Útlán og kröfur .....	4.629	191		15.680	8.701	29.201
Veltufjáreignir .....	4			208		212
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstur .....			11		34	45
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....					14	14
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	19	3	18	56	735	831
Óefnislegar eignir .....	9		299			308
Skattinneign .....	19		3			22
Aðrar eignir .....	6		540	1.946	86	2.578
<b>Eignir samtals</b>	<b>4.687</b>	<b>194</b>	<b>2.081</b>	<b>17.890</b>	<b>9.572</b>	<b>34.424</b>
<b>Skuldir</b>						
Lántaka .....	20	1	116	12.068	2.167	14.372
Vikjandi lán .....			60			60
Eftirlaunaskuldbindingar .....	7		5			12
Tekjuskattsskuldir .....	42	7		59	27	135
Aðrar skuldir .....	4.152	166	1.483	3.839	6.345	15.985
<b>Skuldir samtals</b>	<b>4.221</b>	<b>174</b>	<b>1.664</b>	<b>15.966</b>	<b>8.539</b>	<b>30.564</b>
<b>Hlutdeild minnihluta</b>			<b>205</b>		<b>464</b>	<b>669</b>
Eignir umfram skuldir .....	466	20	212	1.924	569	3.191
Viðskiptavild .....	559	77	1.473	1.924	465	4.498
<b>Samtals kaupverð</b>	<b>1.025</b>	<b>97</b>	<b>1.685</b>	<b>3.848</b>	<b>1.034</b>	<b>7.689</b>
Eignarhluti .....	100%	100%	50,1%	100%	55%	
Dagsetning sem félag kemur inn í samstæðureikning .....	1.1.2006	1.1.2006	1.1.2006	1.7.2006	1.7.2006	

## Leiðréttingar vegna fyrri ára

31. Árið 2005 var misbrestur á að eitt dótturfélag bankans fylgdi alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 39 um útreikning á hópframlagi í afskriftareikning útlána. Þetta hefur verið leiðrétt í þessum ársreikningi og rekstur fyrra árs leiðréttur til samræmis. Alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 8 var fylgt við leiðréttinguna. Áhrifin eru eftirfarandi:

Rekstrarreikningur 2005	Skv. ársr. 2005	Leið- rétting	Leiðréttar fjárhæðir
Virðisrýmun .....	( 1.900)	( 305)	( 2.205)
Tekjuskattur .....	( 4.266)	92	( 4.174)
Hagnaður ársins .....	19.099	( 213)	18.886
<b>Efnahagsreikningur 31.12.2005</b>			
Útlán og kröfur .....	1.174.733	( 305)	1.174.428
Tekjuskattsskuldir .....	5.178	( 92)	5.086
Eigið fé .....	84.750	( 213)	84.537

# Skýringar

## Áhættustýring

32. Mat á áhættu og rétt verðlagning hennar eru lykilatriði í rekstri bankans. Skilvirkar aðferðir og aðgerðir við mat á áhættu eru grundvöllur áhættustýringar Glitnis banka. Bankastjórn ákveður meginstefnu bankans hvað varðar áhættustýringu og setur mörk ásættanlegrar áhættu í daglegum rekstri hans. Stjórnin setur markmið varðandi áhættustýringu og eftirlit með áhættuþáttum, svo sem útlánaáhættu, lausafjáráhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Bankastjórn skipar áhættunefnd sem er ábyrg fyrir umsjón og eftirliti með útlána- og markaðsáhættu sem fylgir rekstri bankans.

### Framkvæmd áhættustýringar

Bankinn starfrækir miðlægar deildir innan móðurfélagsins sem hafa með höndum eftirlit og skýrslugerð varðandi mismunandi tegundir áhættu. Dótturfélög starfrækja sínar eigin áhættustýringardeildir og skilgreina innri reglur varðandi áhættu sem endurspegla eðli rekstrar þeirra. Einstakar áhættustýringardeildir skila skýrslum til stjórnar viðkomandi félags í samstæðunni, til eftirlitsaðila í viðkomandi landi og til móðurfélagsins.

Ákvarðanatata byggir á skipulagi þar sem bankastjórn hefur falið nefndum umboð til að gefa út leiðbeiningar og markmið varðandi ásættanlega áhættu og ákveða einstakar stöður út frá stærð og áhættu. Upplýsingum um áhættustöður sem varða útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu er skilað til áhættunefndar. Upplýsingum um áhættustöður sem varða endurfjármögnunaráhættu, lausafjáráhættu og fjármagnsskipan er skilað til efnahagsnefndar. Rekstraráhættunefnd hefur eftirlit með rekstraráhættu.

Miðlæg áhættustýring er ábyrg fyrir skýrslugjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila á samstæðugrunni. Framkvæmd áhættustýringar hvers dótturfélags er háð samþykki frá áhættunefnd, rekstraráhættunefnd og efnahagsnefnd. Fylgst er með áhættuferlum og áhættustýringu og þessum þáttum stýrt frá móðurfélaginu. Miðlæg áhættustýring fer yfir áhættustýringu dótturfélaga. Tíðni og nákvæmni skýrslugjafar veltur á eðli áhættu í hverju tilfalli fyrir sig. Tvær deildir eru ábyrgar fyrir daglegu eftirliti og mati á útlánaáhættu, annarri fjárhagslegri áhættu og rekstraráhættu; lánaeftirlit og áhættustýring.

### Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er ráðandi þáttur í rekstri bankans. Markmið bankans er að tryggja gæði eignasafns bankans með því að dreifa áhættu innan útlánasafnsins. Bankinn leggur áherslu á að útlánaáhættu sé dreift milli mótaðila, atvinnugreina og landsvæða, og eins innan einstakra lánasafna.

Lánaeftirlit ber ábyrgð á innleiðingu, framkvæmd og eftirliti með reglum samstæðunnar um útlánaáhættu. Áhættunefnd fær reglulega skýrslur um útlánaáhættu. Lánaeftirlit stýrir lánanefndum bankans og ber ábyrgð á innleiðingu bankans á líkönum sem beitt er við mat á útlánaáhættu.

Útlánaáhættu í hverju dótturfélagi er stýrt á sjálfstæðan hátt í hverju félagi og skýrslum skilað til stjórna viðkomandi félaga. Í hverju dótturfélagi er deild sem hefur með höndum innleiðingu og framkvæmd lánaeftirlits og gefur skýrslur til stjórnar og yfirstjórnenda viðkomandi félags. Samt sem áður er þess krafist að reglur hvers dótturfélags varðandi útlánaáhættu séu í samræmi við reglur bankans í heild sinni. Lánaeftirlit móðurfélagsins hefur eftirlit með útlánaáhættu hjá dótturfélögum og sendir reglulega skýrslur þar að lútandi til áhættunefndar bankans.

Bankinn notar sérhönnuð áhættulíkön fyrir mismunandi gerðir útlánaáhættu til að tryggja að við mat á útlánaáhættu sé tekið tillit til þeirra áhættuþátta sem skipta máli í þeim viðskiptum sem um ræðir hverju sinni. Í móðurfélaginu og BNBank er sérstök rekstrareining innan lánaeftirlits sem hannar, sannreynir og stillir slík líkön.

Lánaeftirlit fylgist með vanskilum og gefur út leiðbeiningar varðandi eftirlit með vanskilum og niðurfærslur. Leiðbeiningar um niðurfærslur lána eru ákvarðaðar fyrir hvert dótturfélag og endurspegla áhættu þeirra og reynslu þeirra af útlánatöpum. Vaxtafryst lán, þ.e. lán með yfir 90 daga vanskil eða lán sem hafa verið færð niður eru skoðuð og þeim stýrt á samstæðugrunni. Lánaeftirlit ber ábyrgð á meðferð vanskilalána og aðgerðum til að draga úr tapi þegar slíkar aðstæður koma upp.

# Skýringar

## Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er mikilvægur þáttur í rekstri bankans þar sem bankinn fjármagnar sig að verulegu leyti á heildsölumarkaði. Eftirlit með lausafjárahættu liggur hjá áhættustýringu sem skilar skýrslum til efnahagsnefndar. Bankinn hefur sett sér strangar reglur varðandi lausafjárstöðu og hefur komið sér upp varafjármögnun og lausafjársafni til að bregðast við óvæntum áföllum.

Í árslok 2006 var lausafjárstaða Glitnis banka sterk bæði miðað við eigin reglur og reglur Seðlabanka Íslands. Markmið bankans er að hafa nægt tiltækt lausafé til að til að mæta öllum endurgreiðslum á lánunum móðurfélagsins, að innlánunum undanskildum, næstu 6 mánuði. Þar að auki er það stefna bankans að hafa tiltækt laust fé eða aðrar aðrar lausar eignir til að mæta endurgreiðslum næstu 12 mánaða. Tiltækt lausafé er skilgreint sem sjóður og sjóðsigildi, skuldabréf til notkunar í endurhverfum viðskiptum við seðlabanka, lögbundnir lausafjár sjóðir og ónýtt ádráttarlán.

Flest dótturfélög bankans eru óháð móðurfélaginu um fjármagn og fjármagna sig í formi innlána, skuldabréfaútgáfu og peningamarkaðslána. Allri alþjóðlegri fjármögnun er hins vegar stýrt frá móðurfélaginu.

Í töflunni að neðan eru eignir og skuldir Bankans flokkaðar eftir eftirstöðvatíma frá reikningsskiladegi.

## 31.12.2006

Assets	Að 1 mánuði	1 - 3 mánuðir	3 - 6 mánuðir	6 - 12 mánuðir	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Meira en 5 ár	Óskil- greint	Alls
Sjóður.....	20.417	0	0	0	0	0	0	0	20.417
Útlán og kröfur.....	182.298	17.400	46.305	151.316	158.283	351.801	785.065	67.900	1.760.368
Veltufjáreignir.....	82.079	777	254	9	92	7.252	1.645	135.143	227.251
Fjáreignir á gangvirði.....	81.085	2.069	3.117	2.331	3.972	33.072	49.136	26.082	200.864
Fjáreignir til sölu.....	0	0	0	0	0	0	0	3.746	3.746
Afleiður til áhættuvarna.....	0	0	0	0	0	0	0	5.721	5.721
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum.....	0	0	0	0	0	0	1.097	3.282	4.379
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	0	0	0	0	0	23	1.172	2.101	3.296
Óefnislegar eignir.....	0	0	0	0	241	0	169	17.900	18.310
Skattinneign.....	0	0	0	0	0	0	2	262	264
Eignir í sölumeðferð.....	0	0	0	0	0	172	0	237	409
Aðrar eignir.....	219	0	0	4	2	0	0	1.089	1.314
<b>Samtals</b>	<b>366.098</b>	<b>20.246</b>	<b>49.676</b>	<b>153.660</b>	<b>162.590</b>	<b>392.320</b>	<b>838.286</b>	<b>263.463</b>	<b>2.246.339</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>									
Innlán frá lánastofnunum.....	78.576	0	0	0	0	0	0	0	78.576
Önnur innlán.....	232.927	28.439	15.191	26.668	12.331	11.529	4.641	106.546	438.272
Lántaka.....	116.722	50.261	79.837	162.485	239.235	630.097	97.852	1.298	1.377.787
Víkjandi lán.....	1.808	980	0	0	241	34.684	31.431	39.854	108.998
Veltufjárskuldir.....	5.002	1.006	233	34	314	7.356	1.596	36.188	51.729
Afleiður til áhættuvarna.....	0	0	0	0	0	0	0	13.869	13.869
Eftirlaunaskuldbindingar.....	0	0	0	147	51	0	306	25	529
Tekjuskattsskuldir.....	47	396	758	1.154	0	0	85	8.207	10.647
Aðrar skuldir.....	6.539	107	911	47	93	0	0	12.116	19.813
Eigið fé.....	3.284	0	2.782	0	0	0	0	140.053	146.119
<b>Samtals</b>	<b>444.905</b>	<b>81.189</b>	<b>99.712</b>	<b>190.535</b>	<b>252.265</b>	<b>683.666</b>	<b>135.911</b>	<b>358.156</b>	<b>2.246.339</b>
<b>Eftirstöðvamismunur</b>	<b>( 78.807)</b>	<b>( 60.943)</b>	<b>( 50.036)</b>	<b>( 36.875)</b>	<b>( 89.675)</b>	<b>( 291.346)</b>	<b>702.375</b>	<b>( 94.693)</b>	

# Skýringar

31.12.2005	Að 1 mánuðir	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Óskil- greint	Alls
Total assets .....	205.392	172.308	109.205	335.757	627.851	21.432	1.471.945
Total liabilities and equity .....	179.748	249.769	172.848	679.307	101.807	88.466	1.471.945
<b>Eftirstöðvamismunur</b>	25.644	( 77.461)	( 63.643)	( 343.550)	526.044	( 67.034)	
						31.12.2006	31.12.2005
<b>Lausafjárstaða</b>							
Sjóður og stöður við seðlabanka .....						16.011	19.233
Skammtíamastöður hjá fjármálastofnunum .....						33.981	32.477
Lán til fjármálastofnana .....						144.983	43.425
Auðseljanleg skuldabréf á fljóttandi vöxtum .....						109.673	0
<b>Handbært fé</b>						304.648	95.135
Ónýtt verðbréf til endurhverfra viðskipta við seðlabanka .....						17.030	33.092
Lögbundnir lausafjárskjöldir .....						22.274	16.960
Ónýttar ádráttarlínur .....						113.532	39.965
<b>Tiltækt lausafé</b>						457.484	185.152

## Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta bankans er tvíþætt. Annars vegar er áhætta tengd skuldabréfasafni bankans sem er í veltubók en verðmæti safnsins breytist við sveiflur á markaðsvöxtum. Slikar breytingar á markaðsvirði eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eiga sér stað. VaR mælingar eru birtar í kafla um markaðsáhætta. Hins vegar er um að ræða vaxtaáhætta sem tengist útlánnum og fjármögnun bankans. Slik áhætta kemur ekki endilega fram í rekstrarreikningi en hefur áhrif á efnahagslegt virði bankans.

Það er stefna bankans að verja sig gegn allri vaxtaáhættu tengdri útlánnum í erlendum gjaldmiðlum. Þetta á við samstæðuna í heild sinni. Allar eignir og skuldir á föstum vöxtum eru varðar með vaxtaskiptasamningum eða öðrum afleiðusamningum og áhættuvarnarreikningsskil eru notuð þar sem mögulegt er til að draga úr sveiflum í rekstrarreikningi. Slikar afleiður eru færðar á markaðsvirði sem og aðrar afleiður.

Stöður í íslenskum krónum eru ekki varðar í sama mæli og stöður í erlendum gjaldmiðlum og hefur bankinn óvarðar stöður gagnvart vaxtaáhættu í lánasafni sínu. Til þess að halda jafnvægi milli eigna og skulda þarf bankinn að eiga meira af eignum en skuldum í íslenskum krónum þar sem eigið fé bankans er í íslenskum krónum. Húsnæðisveðlán Bankans á íslenskum markaði eru að hluta til notuð til að ná fram slíku misræmi og til að forðast vaxtaáhætta eru lánin með ákvæðum um endurákvörðun vaxta á 5 ára fresti.

Upplýsingum um vaxtaáhætta af útlánnum bankans er skilað til efnahagsnefndar.

## Verðbólguáhætta

Bankinn stendur frammi fyrir áhættu vegna verðbólgu á Íslandi þar sem eignir tengdar neysluverðsvísitölu eru meiri en samsvarandi skuldir. Allar eignir og skuldir með verðtryggingarákvæðum eru færðar með áföllnum verðbótum á hverjum tíma og verðbætur færðar í rekstrarreikning. Verðtryggingaráhætta takmarkast við móðurfélagið.

Upplýsingum um verðtryggingaráhættu er skilað til efnahagsnefndar.

Eignir og skuldir bundnar neysluverðsvísitölu:	Heildar- eignir	Heildar- skuldir	Hrein staða
31.12.2006 .....	302.090	( 175.475)	126.615
31.12.2005 .....	241.097	( 152.356)	88.741

# Skýringar

## Gengisáhætta

Stór hluti eigna og skulda bankans er í erlendum gjaldmiðlum. Bankinn leggur áherslu á að halda jöfnuði milli eigna og skulda í hverjum gjaldmiðli og er fylgst náið með öllu misræmi.

Þar sem eignir bankans eru að stórum hluta í erlendum gjaldmiðlum en eigið fé útgefið í íslenskum krónum hefur gengi íslensku krónunnar áhrif á eiginfjárlutfall þegar það er mælt samkvæmt CAD reglum. Bankinn beitir ýmsum aðferðum til að draga úr áhrifum þessa. Í árslok átti bankinn eignir umfram skuldir í norskum krónum, sænskum krónum og evrum að fjárhæð 27,8 milljörðum ísl. kr. í því skyni að draga úr næmni eiginfjárlutfalls bankans gagnvart gengisbreytingum. Aðrar gjaldeyrisstöður er litið á sem stöðutöku.

Um stöðutökur í erlendum gjaldmiðlum, ofan ákveðinna marka, er tilkynnt til áhættunefndar. Upplýsingum um næmni CAD hlutfalls gagnvart gjaldmiðlum er skilað til efnahagsnefndar.

Í töflunni að neðan er gerð grein fyrir gengisáhættu bankans þann 31. desember 2006. Bæði efnahagsliðir og liðir utan efnahags eru meðtaldir. Liðir utan efnahags samanstanda af nafnvirðisfjárhæðum framvirkra gjaldmiðlasamninga.

## Eignir og skuldir flokkaðar eftir gjaldmiðlum:

	ISK	NOK	SEK	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	Annað	Alls
<b>Eignir</b>										
Sjóður.....	12.938	6.625	278	167	206	74	62	7	60	20.417
Lán og kröfur.....	412.595	587.758	47.129	279.396	131.384	111.783	82.451	50.492	57.380	1.760.368
Veltufjáreignir.....	190.380	14.416	797	5.318	2.461	2.775	2	1	11.101	227.251
Gangvirðiseignir.....	12.377	57.591	156	74.153	47.676	8.640	0	0	271	200.864
Fjáreignir til sölu.....	3.732	8	0	0	0	0	0	0	6	3.746
Afleiður til varna.....	5.622	0	0	99	0	0	0	0	0	5.721
Hlutdeildarfélög.....	2.448	1.336	0	595	0	0	0	0	0	4.379
Varanlegir rekstrarfj.....	1.578	1.514	0	157	0	0	0	0	47	3.296
Óefnislegar eignir.....	1.361	14.905	1.959	85	0	0	0	0	0	18.310
Skattinneign.....	0	28	0	198	0	0	0	0	38	264
Eignir í sölumæðferð.....	237	172	0	0	0	0	0	0	0	409
Aðrar eignir.....	615	238	0	43	24	0	3	0	391	1.314
<b>Samtals</b>	<b>643.883</b>	<b>684.591</b>	<b>50.319</b>	<b>360.211</b>	<b>181.751</b>	<b>123.272</b>	<b>82.518</b>	<b>50.500</b>	<b>69.294</b>	<b>2.246.339</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>										
Innlán frá lánastofn.....	32.227	3.349	3.721	13.795	16.319	772	2.117	36	6.240	78.576
Önnur innlán.....	142.736	217.697	181	11.374	11.333	53.401	153	161	1.236	438.272
Lántaka.....	78.474	245.387	18.651	477.823	340.039	41.437	69.349	19.999	86.628	1.377.787
Víkjandi lán.....	5.339	16.081	0	29.708	57.870	0	0	0	0	108.998
Veltufjárskuldir.....	40.833	10.826	63	0	0	0	4	0	3	51.729
Afleiður til varna.....	13.718	0	0	151	0	0	0	0	0	13.869
Eftirlaunaskuldbinding.....	0	529	0	0	0	0	0	0	0	529
Skattskuldir.....	6.560	2.753	0	1.334	0	0	0	0	0	10.647
Aðrar skuldir.....	9.381	5.673	4.721	38	0	0	0	0	0	19.813
Eigið fé.....	139.199	5.647	125	1.148	0	0	0	0	0	146.119
<b>Samtals</b>	<b>468.467</b>	<b>507.942</b>	<b>27.462</b>	<b>535.371</b>	<b>425.561</b>	<b>95.610</b>	<b>71.623</b>	<b>20.196</b>	<b>94.107</b>	<b>2.246.339</b>
Nettó í efnahagsreikn.....	175.416	176.649	22.857	( 175.160)	( 243.810)	27.662	10.895	30.304	( 24.813)	0
Nettó utan efnahags.....	( 211.721)	( 154.171)	( 20.601)	178.266	248.125	( 26.624)	( 11.781)	( 29.805)	28.312	0
<b>Hrein gjaldeyrisstaða</b>	<b>( 36.305)</b>	<b>22.478</b>	<b>2.256</b>	<b>3.106</b>	<b>4.315</b>	<b>1.038</b>	<b>( 886)</b>	<b>499</b>	<b>3.499</b>	<b>0</b>

# Skýringar

## Markaðsáætla

Markaðsáætla er áhætla á tapi vegna breytinga á markaðsvöxtum, erlendum gjaldmiðlum og gengi hlutabréfa. Bankinn er með stöður í skuldabréfum, erlendum gjaldmiðlum og hlutabréfum og er þar af leiðandi háður slíkum verðbreytingum. Allar slíkar stöðutökur eru færðar á markaðsvirði og hagnaður og tap í gegnum rekstur.

Fyrir stöður í veltubók, notar bankinn svokallaða VaR (Value-at-Risk) aðferð til að mæla markaðsáættu einstakra safna og eins heildaráættu. Notuð er varfærnisregla við heildarmælinguna þar sem eignadreifing milli safna er ekki tekin inn í útreikninginn. Skýrslugerð er miðuð við 99% líkindi og eins dags eignarhaldstíma. Í töflunni að neðan eru VaR mælingar fyrir árið 2006 með samanburðartölum fyrir 2005. Prófun sögulegra gagna er notuð til að meta skilvirkni VaR líkansins.

	Lágmark	Hámark	Í lok 2006	Meðaltal 2006	Meðaltal 2005
Hlutabréfaáætla .....	14	333	71	136	79
Vaxtaáætla .....	13	67	20	35	41
Gengisáætla .....	0	170	88	42	15
<b>Samtals</b>	73	443	179	213	135

Álagspróf eru framkvæmd til að meta hugsanlegt tap við öfgakenndar aðstæður. Við álagspróf eru einnig tekið tillit til hlutabréfa utan veltubókar en þau eru ekki metin í VaR mælingum.

## Rekstraráætla

Lánaeftirlit, áhættustýring og regluvarsla eru sameiginlega ábyrg fyrir eftirliti og skýrslugjöf um rekstraráættu bankans. Rekstraráættu er stýrt af rekstraráættunefnd. Við mat á rekstraráættu er einkum litið til þátta eins og þess hversu vel innri ferlum og reglum er framfylgt, tölvuöryggis, svika, rangfærslna, þess hversu vel lögum og reglum er fylgt og viðskiptaáættu.

## Afleiður vegna áhættuvarna

33. Bókfært verð og nafnverð afleiða sem notaðar eru til áhættuvarna greinast þannig:

	Nafn- verð	Gangverð Eignir	Skuldir
Vaxtasamningar .....	345.255	5.349	11.004
Gjaldmiðlasamningar .....	15.125	372	2.865
<b>Samtals</b>	360.380	5.721	13.869

## Veltufjárafleiður

34. Bókfært verð og nafnverð veltufjárafleiða greinast þannig:

	Nafn- verð	Gangverð Eignir	Skuldir
Vaxtasamningar .....	699.410	3.894	8.535
Hlutabréfaafleiður .....	186.311	20.514	19.046
Gjaldmiðlasamningar .....	1.624.739	42.474	19.270
<b>Samtals</b>	2.510.460	66.882	46.851

# Skýringar

## Starfsþáttayfirlit

35. Hér að neðan er starfsþáttayfirlit sem sýnir afkomu samstæðunnar skipt niður á einstaka starfsþætti. Starfsþáttur er sérgreindur hluti bankans sem rekur starfsemi sem er háð áhættu og ávinningi á annan hátt en aðrir starfsþættir bankans.

Bankanum er skipt í 6 megin starfsþætti:

- Viðskiptabankasvið á Íslandi: Bankaþjónusta við íslenska einstaklinga og fyrirtæki. Útibúaþjónusta, fyrirtækjaþjónusta, eignaleigustarfsemi og eignastýring.
- Viðskiptabankasvið í Noregi: Bankaþjónusta við einstaklinga og fyrirtæki í Noregi. Útibúaþjónusta og fyrirtækjaþjónusta.
- Fyrirtækjasvið: Alþjóðleg bankastarfsemi Glitnis, bankaþjónusta við íslensk fyrirtæki sem starfa á erlendum mörkuðum og skuldsett fjármögnun.
- Fjárfestingabankasvið: Alþjóðleg fjármálaþjónusta við fyrirtæki og fjárfestingar í hlutabréfum.
- Markaðsviðskipti: Verðbréfamíðlun, gjaldeyrismiðlun, peningamarkaðslánveitingar.
- Fjárstýring: Fjármögnun bankans og millibankaviðskipti.

Starfsemi sem fellur utan ofangreindra starfsþátta er starfsemi hlutdeildarféлага og önnur starfsemi bankans.

Starfsþættir bankans voru endurskilgreindir samkvæmt ofangreindu á árinu 2006. Árið 2005 var bankanum skipti í eftirtalda starfsþætti: Viðskiptabankasvið Íslandi/Noregi, fjárfestinga- og alþjóðasvið, markaðsviðskipti og fjárstýringu.

### Árið 2006

Rekstur	Viðskiptabankasvið		Fyrirtækja- svið	Fjárfestinga- bankasvið	Markaðs- viðskipti	Fjár- stýring	Önnur starfsemi & millifærslur	Alls
	Íslandi	Noregi						
Hreinar vaxtatekjur .....	16.778	7.196	9.736 (	374)	3.097	2.028 (	1.377)	37.084
Aðrar rekstrartekjur .....	5.737	47	2.742	8.190	14.759	2.369	1.673	35.517
Rekstrarkostnaður .....	( 11.057)	( 3.231)	( 3.804)	( 1.686)	( 6.735)	( 109)	( 679)	( 27.301)
Virðisrýrnun .....	( 2.781)	( 68)	( 1.846)	( 25)	( 7)	0 (	32)	( 4.759)
Aðrar tekjur .....	0	0	0	0	0	0	5.714	5.714
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>8.677</b>	<b>3.944</b>	<b>6.828</b>	<b>6.105</b>	<b>11.114</b>	<b>4.288</b>	<b>5.299</b>	<b>46.255</b>
Tekjuskattur .....							(	8.024)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>8.677</b>	<b>3.944</b>	<b>6.828</b>	<b>6.105</b>	<b>11.114</b>	<b>4.288</b>	<b>5.299</b>	<b>38.231</b>
Hreinar tekjur starfsþáttar frá ytri viðskiptavinum .....	53.447	28.067	62.470	11.815	21.626 (	107.256)	2.431	72.601
Hreinar tekjur starfsþáttar frá öðrum starfsþáttum .....	( 30.932)	( 20.824)	( 49.992)	( 3.999)	( 3.770)	111.653 (	2.135)	0

# Skýringar

## 31. desember 2006

Eignir starfsþáttar	Viðskiptabankasvið		Fyrirtækja- svið	Fjárfestinga- bankasvið	Markaðs- viðskipti	Fjár- stýring	Önnur starfsemi & millifærslur	Alls
	Íslandi	Noregi						
Sjóður, kröfur á seðlabanka, banka, útlán og kröfur .....	1.154.960	598.314	287.529	3.987	28.030	1.356.301 ( 1.648.336)	1.780.785	
Aðrar fjáreignir .....	72.821	69.200	1.975	28.626	8.565	201.088 ( 55.307)	437.582	
Aðrar eignir .....	114.366	4.895	15.872	2.031	6.383	0 ( 115.575)	27.972	
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.342.147</b>	<b>672.409</b>	<b>305.376</b>	<b>34.644</b>	<b>42.978</b>	<b>1.557.388 ( 1.708.604)</b>	<b>2.246.339</b>	

## Skuldir starfsþáttar

Innlán, lántökur og víkjandi lán .....	736.107	573.076	0	0	12.782	1.507.593 ( 825.925)	2.003.633
Veltufjárskuldir og afleiður .....	11.568	11.568	3	0	5.924	43.228 ( 6.693)	65.598
Aðrar skuldir .....	522.720	52.164	291.470	27.350	8.548	1.405 ( 872.668)	30.989
